



Varmahlíðarskóli óskar eftir kennara á yngsta stig

| | |
|----------------------------|--|
| Upphaf starfs: | 1. ágúst 2021. |
| Starfsheiti: | Grunnskólakennari. |
| Starfshlutfall: | 50% starfshlutfall. |
| Lýsing á starfinu: | Í starfinu felst almenn kennsla og umsjón á yngsta stigi í teymissamstarfi auk samvinnu við þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsfólki. Kennari stuðlar að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk. Starfið felur í sér umgengni og samskipti við ólíka einstaklinga á öllum aldri. Kennari starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélagsins. |
| Menntunarkröfur: | Leyfisbréf til að starfa við kennslu. |
| Hæfniskröfur: | Fagþekking og reynsla af kennsluháttum byrjendalæsis er kostur. Reynsla af teymisvinnu er æskileg. Tölvukunnátta og færni í upplýsingatækni. Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði er skilyrði. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla. |
| Vinnutími: | Dagvinna. |
| Launakjör: | Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ vegna FG. |
| Umsóknarfrestur: | Er til og með 3. júní 2021. |
| Nánari upplýsingar: | Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is . |
| Umsóknir: | Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. |

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Náin er kjarni skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakennslu er áhersla lögð á endurnýtingu.